

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 9. desember 2024

Mál nr. S-295/2024:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfssdóttir lögmaður bótakrefjanda)

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður bótakrefjanda)

Dómur

- 1 Mál þetta, sem var dómtekið 29. október sl., höfðaði héraðssaksóknari 12. júlí 2024, á hendur X, kt. [...], með lögheimili að [...], [S1], en dvalarstað að fangelsinu Hólmsheiði „fyrir eftirtalin brot gegn sambýliskonu sinni A, kennitala [...], framin á heimili þeirra að [...] á Akureyri, á árinu 2024:

I.

Manndráp og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 22. apríl, svipt A, lífi, en ákærði beitti hana margþættu ofbeldi og misþyrmdi henni í aðdraganda andláts hennar, en atлага ákærða beindist meðal annars að kvið, höfði, hálsi, bringu, brjóstkassa og útlimum. Af atlögunni hlaut A margvíslega áverka, þar á meðal:

- Undirhúðablæðingu á framanverðum kviðnum með undirliggjandi mari á stórnetjunni, mari á hægra blaði lifrarinnar, mjúkvefjablæðingu aðliggjandi láhluta [svo] skeifugarnarinnar, margþátta sliti á garnaheginu með rofi á smásæjum greinum efri garnaheggisslagæðarinnar og á efri garnaheggisbláæðinni og kjölfarandi stórri blæðingu inn í kviðarholið.
- Húðblæðingar, vöðvablæðingu og skrámur um ofanverðan vinstri háls og húðblæðingar efst í miðlínu hálsins, auk punktblæðinga á neðra augnloki og í slímhúð vinstra augans og grófrar stakrar blæðingar í vinstra auga.
- Húðblæðingar með undirliggjandi mjúkvefjablæðingu á augnsvæðum beggja vegna og enni, vinstri kinn og við vinstra eyra, á höku og slímhúðarsár á innanverðum vörum.
- Húðblæðingar með undirliggjandi mjúkvefjablæðingu á bringu, hægri hluta brjóstkassa, brjóstbaki, hægri olnboga, innanverðum hægri upphandleggnum, hægri brjósti, hægri hluta kviðarins, hægri úlnlið, vinstri upphandlegg, hægri fótlegg og efra þjóhnappasvæðinu.

5. Staðbundna, grunn- og djúpvefjablæðingu neðst og miðlægt á vinstra brjóstbakinu mótsvarandi neðsta hluta sjalvöðvans og yfir lendhryggnum á vinstra síðusvæðinu og í vinstri lundarvöðvann ásamt undirliggjandi brotum gegnum vinstri þvertinda annars og þriðja lendhryggjarliðarins.
6. Rifbrot, mjúkvefjablæðingar á hvirfli, yfir hægri öxl og í kviðvöðvafestum beggja rifjaboganna, skrámu á vinstri öxl og hægri síðu.

Háttsemi ákærða var til þess fallin að ógna á alvarlegan hátt lífi, heilsu og velferð A og voru afleiðingar þær að hún lést af völdum áverkans á efri garnahengisbláæðinni og blæðingarinnar sem varð vegna hans inn í kviðarholið.

[...]

Telst þetta varða við 211. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Brot í nánu sambandi, með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 6. febrúar, beitt A ofbeldi með þeim afleiðingum að hún hlaut nefbrot, mar aftan á hálsi og á hnakka, mar undir hægri auga og mar á hægri handlegg. Með háttsemi sinni ógnaði ákærði á alvarlegan hátt lífi, heilsu og velferð A.

[...]

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með framhaldsákæru dags. 20. september var bætt við refsikröfuna svofelldri varakröfu:

„Til vara er þess krafist að ákærða verði gert að sæta öryggisvistun á viðeigandi stofnun, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- 2 Í ákæru eru teknar upp bótakröfur B og D. Þeir krefjast þess að ákærða verði gert að greiða þeim, hvorum um sig, 6.000.000 krónur í miskabætur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 22. apríl 2024, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu bótakrafna til greiðsludags. Þá krefst B jafnframt 1.495.179 króna í skaðabætur vegna útlagðs útfararkostnaðar. Báðir krefjast þess að ákærða verði gert að greiða þeim málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 3 Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds en til vara að honum verði ekki gerð refsing í málinu. Ef honum verði gerð refsing verði hún bundin skilorði og gæsluvarðhald komi til frádráttar. Hann krefst þess að kröfu um öryggisgæslu verði hafnað. Þá krefst hann þess að bótakröfum verði vísað frá dómi. Loks krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda.

Ákæruliður I

Málavextir

- 4 Aðfaranótt 22. apríl 2024, klukkan 4:30, hringdi ákærði í neyðarlínuna og tilkynnti að konan hans lægi á gólfinu og hann héldi að hún væri látin, hún væri köld. Í símtalinu segist ákærði hafa séð hana lifandi fyrir á að giska fjórum til sex tímum. Þá segir hann: „[...] mín, [...]... fyrirgefðu, fyrirgefðu“.
- 5 Samkvæmt frumskýrslu kom lögregla á vettvang klukkan 4:37 og hitti þar fyrir ákærða reykjandi í útidyrum. Fram kemur að hann hafi fylgt lögreglu inn, sagt: „Hún er bara dain“ og bent inn í stofu. Lögreglumaðurinn hafi þó séð að brotþoli lá á svefnherbergis-gólfi, hreyfingarlaus. Ástand hennar hafi verið kannað en engin viðbrögð fengist og lífsmörk ekki verið til staðar. Lögreglumaður hafi spurt ákærða hvenær brotþoli hefði fallið á gólfið og hann svarað: „Ég veit það ekki, ég var sofandi sko, hún er bara köld, guð minn góður.“ Þá kemur fram að sjúkraflutningamenn hafi komið á staðinn klukkan 4:40. Þá hafi brotþoli verið orðin stíf og verið ákveðið að hrófla ekki við neinu á vettvangi. Læknir á vakt hafi komið á vettvang skömmu síðar. Hún staðfesti andlát brotþola klukkan 4:50.
- 6 Fyrir liggur upptaka úr búkmyndavél af komu lögreglu á vettvang og upplýsingaskýrsla lögreglumanns nr. E þar um. Þar er ákærði spurður hvað hafi gerst og hann svarar: „Ég fann hana bara þarna á gólfinu og datt ekki í hug að það væri neitt svakalegt sko, hún virkar bara köld og ég veit ekki hvað sko“. Þau hafi bæði verið sofandi inni í herbergi og þegar hann hafi vaknað hafi hún legið á gólfinu. Hann hafi þá hringt í neyðarlínuna og reynt hjartahnoð. Í skýrslunni er tekið fram að lögreglumönnum hafi þótt háttalag ákærða sérkennilegt miðað við aðstæður.
- 7 Ákærði var handtekinn klukkan 5:33 vegna gruns um að hann ætti þátt í andláti brotþola. Honum var dregið blóð klukkan 6:24 og mældist 1,26% etanól í blóði. Ólögleg ávana- og fíkniefni, sterk verkjalyf, róandi lyf eða svefnlyf voru ekki í mælanlegu magni í blóði hans.
- 8 F læknir var fenginn til að gera réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða. Skoðun hófst kl. 9 og í vottorði læknisins sem hann gerði sama dag kemur fram að engin merki ryskinga, átaka eða slagsmála hafi fundist á ákærða, hvorki varnarsár né árásarteikn.
- 9 Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði vettvang 22. apríl. G réttarlæknir var með í för og gerði grunnskoðun á líki brotþola þar. Aðstæður voru myndaðar, hald lagt á muni til skoðunar á líftækni sviði og sýni tekin úr meintum blóðblettum.
- 10 Lífssýni af vettvangi, höndum ákærða og fatnaði ákærða og brotþola voru rannsökuð og í kjölfarið voru sýni send í DNA rannsókn hjá Nationellt Forensiskt Centrum í Svíþjóð. Niðurstöður þeirrar rannsóknar var að í fjórum af fimm sýnum úr bol ákærða fannst blóð brotþola og blóð ákærða einnig í einu þeirra. Í tveimur sýnum af skóm ákærða var blóð brotþola og í öðru þeirra einnig blóð ákærða. Í fjórum af fimm sýnum

af nærbuxum ákærða fannst blóð brotþola. Þá fannst blóð brotþola í sýni af höndum ákærða og í sýni úr blóðblettum á vettvangi.

- 11 G og H réttarlæknar skiluðu bráðabirgðaskýrslu um réttarkrufningu 26. apríl 2024 og endanlegri skýrslu 4. júlí 2024. Samkvæmt henni hafði brotþoli mikla áverka víðsvegar um líkamann sem eru taldir upp í liðum I.1-6 í ákæru. Segir að áverkamyndin í heild einkennist af áverkum eftir sljóa krafta sem hafa verkað á mismunandi tímapunntum, allt að dögum fyrir andlátið, þó með verulegum ferskum áverkum. Var niðurstaða þeirra að dreifing og eðli meiðsla benti sterklega til þess að henni hafi verið veittur veigamikill hluti áverkanna af öðrum manni.
- 12 Fram kemur að útlit áverkans á kviðnum, með kjölfarandi blæðingu inn í kviðarholið, bendi mjög sterklega til þess að hann hafi komið fyrir sljóan kraft og bendi til þess að krafturinn hafi beinst gegn svæðinu og þrykkt framanverðum mjúkum kviðveggnum á djúpið og að hryggnum í formi þrýstings eða höggs gegn afmörkuðu sljóu yfirborði, t.d. sem stig eða spyrna með fæti eða hné.
- 13 Útlit húð og mjúkvefjarblæðingar á vinstri hluta hálsins bendi sterklega til þess að þær hafi komið fyrir sljóan kraft og bendi til þess að þær hafi komið til fyrir þrýsting gegnt svæðinu. Áverkarnir hafi staðsetningu, eðli og útlit sem, að teknu tilliti til skráma og mögulega einnig húðblæðinga, geti bent til þess að áverkinn hafi komið til við tak annars manns með hendi.
- 14 Útlit og staðsetning slímhúðarsára í munnholi og húð- og mjúkvefjarblæðinga á hvirfli, hægri augnsvæði, vinstra eyra, vinstri hlið andlits, höku, enni, framanverðu brjósti, hægri hluta brjóstakassa, brjóstbaki, hægri hluta kviðar, í kviðvöðvafestur beggja rifjaboga, á efra þjóhnappasvæði, hægri öxl, innanverðum hægri upphandlegg og vinstri fótlegg og læri bendi sterklega til þess að áverkarnir hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi þrýstings eða höggs og hafi staðsetningu sem bendi til þess að krafturinn hafi beinst gegnt svæðunum líkt og fyrir tók, þrýsting eða högg veitt af öðrum manni.
- 15 Útlit áverka í vinstri síðu með undirliggjandi gróandi broti á ellefta rífi bendi sterklega til þess að hann hafi komið til fyrir sljóan kraft og bendi til þess að krafturinn hafi komið í formi höggs gegnt svæðinu.
- 16 Útlit mjúkvefjarblæðinga á vinstra síðusvæði og brota á vinstra rífi X og vinstri þvertindum lendhryggjarins bendi sterklega til þess að þau hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi höggs gegnt svæðinu. Þeir áverkar geti skýrst af höggi veittu af öðrum manni í bolinn en ekki sé hægt að útioka að áverkarnir hafi komið til við eigið fall á mótað hart yfirborð.
- 17 Útlit áverka á vinstra augnsvæði bendi mjög sterklega til þess að hann hafi komið til við sljóan kraft og bendi sterklega til að krafturinn hafi komið í formi steys. Útlit og staðsetning geti jafnt skýrst af því að hún hafi hlotið hann við eigið fall á hart yfirborð og sem högg veitt af öðrum manni. Punktblæðingar á vinstra augnsvæði og í slímhúð vinstra auga gætu skýrst af sama krafti.

- 18 Útlit skráma yfir vinstri öxl og í hægri síðu bendi mjög sterklega til þess að þær hafi komið fyrir sljóan kraft í formi skröpunar gegnt stömu eða hrjúfu yfirborði.
- 19 Útlit áverka á hægri olnboga og úlnlið, vinstra ytra olnbogsvæði, vinstri upphandlegg, hægri fótlegg, hné og læri og vinstra læri bendi sterklega til þess að áverkarnir séu til komnir fyrir sljóan kraft í formi steyta eða þrýsting gegnt hörðum eða tregeftirgefánlegum yfirborðum.
- 20 Útlit blæðingar milli hægri geislunga bendi sterklega til þess að hún hafi komi til fyrir sljóan kraft í formi steyps eða þrýstings gegnt svæðinu. Útlit, eðli og staðsetning sé nokkuð í ætt við það sem þekkist eftir endurlífgunartilraun með hjartahnoði.
- 21 Þá kemur fram að meginþorri áverkanna sé ferskur sem samræmist því best að þeir hafi komið til á sólarhringnum fyrir dauðann, nema húðblæðingar um hægra augnsvæði, á utanverðum vinstri olnboga, vinstri upphandlegg, bringu, hægri hluta kviðar, brjóstbaki, hægra hné og læri, vinstri fótlegg, hné og læri, sár á hægri kinn, hægri þumli og undirhúðarblæðingin og rifbrotið í vinstri síðu sem hafi útlit sem bendi til þess að þau séu einhverju eldri en svo.
- 22 Að auki er tekið fram að styrkur etanóls í blóði brotaþola hafi verið mjög hár (4,24%) og nærri því sem þekkt sé við banvæna etanóleitrun. Styrkur etanóls í þvagi (5,04%) bendi þó til þess að styrkur í útæðablóði sé lækkandi og hafi þannig verið hærrí. Samkvæmt bakgrunnsupplýsingum hafi brotaþoli glímt við áfengissýki og drukkið mjög reglulega og það eflí þol gegn etanóli. Þegar allt sé samantekið megi ætla að etanól hafi, í þessu tilviki, valdið mikilli ölvun með áhrifum á hreyfigetu og vökustig en ekki verið það sem varð henni að aldurtila.
- 23 Dánarorsök er sögð áverkinn á efri garnahengisbláæðina. Hann sé ósamrýmanlegur lífi. Rannsóknarniðurstöður bendi sterklega til þess að dánarorsökin hafi verið þessi áverki og blæðingin sem varð í kviðarholi vegna hans. Áverkamyndin bendi sterklega til þess að annar maður hafi veitt henni flesta eða alla áverkana, þar með talið áverkann á kviðinn.
- 24 Lögregla skoðaði myndbönd úr eftirlitsmyndavélum við [...]skóla frá kl. 8 að morgni 21. apríl þar til lögregla kom á vettvang um klukkan 4:30 aðfaranótt 22. apríl. Samkvæmt upplýsingaskýrslu sést þar vel yfir að inngangi að íbúð ákærða og brotaþola og mannaferðir til og frá henni. Þar sjáist ákærði og brotaþoli fara að heiman klukkan 15:38. Þau koma aftur að húsinu klukkan 17:31 en komast ekki inn í íbúðina og fara aftur í burtu á bíl. Þau koma aftur heim klukkan 18:33. B sonur þeirra fer út kl. 19:07. Eftir það sé engin hreyfing sjáanleg við íbúð þeirra fyrr en lögregla mætti á vettvang kl. 4:39.
- 25 Lögregla aflaði gagna um sögu sambands ákærða og brotaþola í gegnum tíðina, m.a. frá heilbrigðisstofnunum, barnavernd og félagsþjónustu auk gagna úr málaskrá lögreglu. Lögreglumaður nr. I tók saman yfirlit þar um sem nær allt aftur til ársins 1999 en varða þó einkum árin 2008 til 2015 og frá árinu 2021 þar til atvik máls þessa urðu. Niðurstaða hans er að líklega hafi ákærði beitt brotaþola heimilisofbeldi í á þriðja tug ára og hún, vegna meðvirkni með ástandinu, að mestu og nánast alltaf neitað samvinnu við lögreglu. Hún hafi kallað á hjálp þegar þau bjuggu á [S2] (á árunum 2009 og 2011) en verklag þess

tíma og meðvirkni hennar orðið til þess að málin hafi ekki fengið framgang og hún farið heim í sama ástandið aftur og aftur. Einhver ár vanti inn í, þegar þau bjuggu á [S3] og [S4], en vinkona hafi borið að þau hafi flutt frá [S3] því þar hafi verið farið að hitna undir þeim hjá barnavernd. Sonur þeirra, B, lýsi því að á [S4] hafi ofbeldið verið mikið, mikil neysla og slæmt ástand. Þá kemur fram að undantekningarlaust hafi, við afskipti af þeim, verið um að ræða neyslu vímugjafa af hálfu annars eða beggja.

- 26 Lögreglumaður nr. I vísar til gagna frá 2008-2010 en á þeim tíma bjuggu þau á [S2]. Þar kemur meðal annars fram að drengirnir hafi lýst því árið 2008 að ákærði beitti bæði þá og brotþola ofbeldi. Er því lýst að starfsfólk félagsþjónustu hafi orðið vart við áverka í andliti brotþola og að ákærði sæki hana alltaf úr vinnu og sé með henni í öllum matar- og kaffitímum. Í eitt skipti hafi hún lýst grófu ofbeldi fyrir kennara B. Hún hafi þá verið mjög óttaslegin en kennt sjálfri sér um, hún hafi e.t.v. sagt eða gert eitthvað rangt. Fram kemur að hún hafi í tvígang gert tilraun til að fara frá ákærða og fengið aðstoð við það en snúið aftur til hans.
- 27 Einnig liggja fyrir gögn úr sjúkraskrá brotþola þar sem lýst er mörgum komum á heilbrigðisstofnanir með áverka. Má þar nefna að þann 23. september 2023 kom hún á bráðamóttöku með sjúkrabifreið og nefndi að hún hafi fengið nokkur högg frá öðrum en neitaði að ræða við lögreglu. Mikið blæddi úr nefi hennar, sem var bólgið. Þann 1. október 2023 var hún með nokkurra daga gamalt sár á enni og storknað blóð í nösnum og við munnvik. Þann 15. október 2023 var hún með sár vinstra megin á enni og glóðarauga. Þann 27. október 2023 var brotþoli með stórt mar vinstra megin á enni með litlum skurði fyrir miðju, „raccoon eyes“, miklar bólgur kringum augu, bólgu og mar á höku og vörum og mar á handlegg. Hún lýsti því að hafa dottið fram fyrir sig og lent á andliti en tekið er fram að áverkar samræmist því illa.
- 28 Hér þykir rétt að geta um komu brotþola á sjúkrahús 6. febrúar 2024 sem nánar er fjallað um varðandi ákærulið II. Vitnið J hjúkrunarfræðingur sem tók þá á móti brotþola kvað brotþola hafa verið í miklu uppnámi, hrædda og verkjaða. Hún hafi skýrt frá ljótu ofbeldi, meðal annars að sparkað hefði verið í kvið hennar og höfuð, en síðan dregið frásögn sína til baka. Vitnið K læknir kvað brotþola hafa verið í mikilli geðshræringu og liðið illa. Hún hafi skýrt frá því að hafa orðið fyrir líkamsárás en dregið það til baka. Hún hafi tekið fram að þetta gerðist aldrei nema við áfengisneyslu og sagt að maðurinn hennar beitti hana ekki ofbeldi nema hann væri að drekka.
- 29 Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu átti L móðir brotþola þrjú samtöl við ráðgjafa Kvennaathvarfs á árinu 2024. Í símtali 6. janúar hafi hún lýst því að dóttir hennar hefði búið við heimilisofbeldi í mörg ár og hún hefði miklar áhyggjur af henni. Henni hafi verið leiðbeint um að hvetja dóttur sína til að fá símaviðtal eða mæta í viðtal hjá ráðgjafa. Þann 15. mars hafi hún hringt og verið mikið niðri fyrir. Hún hafi lýst miklum áhyggjum af heilsu og öryggi dóttur sinnar. Dóttir hennar væri mjög hrædd og þori ekki að hafa samband eða biðja um hjálp. Henni hafi verið leiðbeint um að hafa samband við lögreglu ef hún teldi dóttur sína í hættu. Einnig um að athvarfið á Akureyri væri opið allan sólarhringinn auk þess sem hún gæti komið í athvarfið fyrir sunnan ef hún teldi sig

öruggari þar. Hún var beðin að hringja aftur næsta dag, sem hún gerði en ekki er greint frá innhaldi þess samtals.

- 30 Ákæra var gefin út 12. júlí 2024 og málið þingfest 6. ágúst. Í millitíðinni, þann 15. júlí, barst dóminum beiðni héraðssaksóknara um dómkvaðningu matsmanns til að meta hvort ákærði hafi verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á verknaðastundum 6. febrúar og 22. apríl 2024, hvort ástand ákærða á þeim tíma hafi verið með þeim hætti að 16. gr. laganna hafi átt við um hann og hvort refsing geti borið árangur. Var þar vísað til þess að ákærði hafi ítrekað vísað til minnisleysis við skýrslutökur og sagst vera með Alzheimer.
- 31 Þann 16. júlí var M geðlæknir dómkvödd til að framkvæma umbeðið mat. Hún skilaði niðurstöðum sínum 12. september 2024. Þar kemur meðal annars fram að ákærði hafi í þrígang svarað MMSE, spurningalista sem sé mikið notaður til að meta vitræna skerðingu og skima fyrir heilabilun. Samkvæmt honum þýði 27-30 stig að ekki sé um að ræða skerðingu á vitrænni getu, 21-26 stig væga skerðingu, 11-20 stig töliverða skerðingu og 0-10 stig alvarlega skerðingu á vitrænni getu. Þann 11. ágúst hafi ákærði skorað 16/30, þann 30. ágúst 18/30 og loks 20/30 hjá N sérfræðingi í öldrunarlækningum 4. september. Þá hafi í tvígang verið lagt fyrir hann klukkupróf sem felst í því að teikna klukku og setja á hana tímann 10 mínútur yfir 11. Þann 11. ágúst hafi hann teiknað klukku en ekki sett inn tölur á klukkuna en leyst vel úr prófinu 30. ágúst.
- 32 Matsmaður kveðst telja að ákærði glími við heilabilun. Miklar líkur séu á að mikil áfengisneysla hans í gegnum árin hafi haft áhrif á þessa þróun en langvarandi notkun áfengis geti valdið langvarandi skaða á taugakerfinu. Líklegustu sjúkdómsgreiningarnar séu Alzheimer's sjúkdómur, heilabilun vegna langvarandi áfengisneyslu eða Korsakoff heilkenni.
- 33 Matsmaður vísar til þess að ákærði hafi um árabíl beitt ofbeldi undir áhrifum áfengis og hann hafi verið undir áhrifum þann 22. apríl 2024. Áfengi sé afhamlandi og ákærði virðist hafa haldið áfram að missa stjórn á sér og beita ofbeldi undir áhrifum áfengis eftir að hann fór að þróa með sér heilabilun. Matsmaður telji hann ekki hættulegan öðrum sé hann allsgáður og mikilvægt sé að tryggja að hann verði það framvegis.
- 34 Niðurstaða matsmanns um sakhæfi er að ákærði glími við heilabilun sem teljist vera andleg hrörnun og falli undir 15. gr. almennra hegningarlaga. Það sé þó ekki hægt að horfa fram hjá því að á verknaðarstundu hafi hann verið undir áhrifum áfengis og því álitamál hvort 15. gr. laganna eigi við. Segja megi að niðurstaðan nálgist ósakhæfi samkvæmt 15. gr. laganna. Það verði að teljast ólíklegt að ákærði hefði framið slíkan verknað allsgáður. Þá sé það niðurstaða matsmanns að refsing muni ekki bera árangur í skilningi 16. gr. almennra hegningarlaga og að hann sé ósakhæfur samkvæmt þeirri grein.
- 35 Fyrir liggur göngudeildarnóta N, dags. 22. október sl., um komu ákærða á minnismóttöku þann dag. Þá hafi hann skorað 20/30 á MMSE, leyst úr klukkuprófi, skorað 12/20 í könnun á kennslaminni, 0/10 í upprifjun og 2-3-3 á CERAD-10. Fram kemur það mat að ákærði uppfylli greiningarskilmerki heilabilunar þó færni virðist vera þökkaleg innan þess þrönga ramma sem fangelsið setji honum. Hún telji ólíklegt að ákærði gæti búið

einn og bjargað sér sjálfur með athafnir daglegs lífs. Undirliggjandi orsök heilabilunar sé Alzheimersjúkdómur, í mænuvökva séu lífmerki með mjög dæmigerðri mynd um hann.

- 36 Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi samfleytt frá 22. apríl 2024. Fyrst var honum, með úrskurði dómsins þann dag, gert að sæta gæsluvarðhaldi og einangrun á grundvelli rannsóknarhagsmuna í eina viku. Þann 26. sama mánaðar var það staðfest í Landsrétti í máli nr. 348/2024. Gæsluvarðhald í einangrun var framlengt um viku með úrskurði héraðsdóms 29. apríl. Þann 6. maí var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi í fjórar vikur á grundvelli almannahagsmuna. Það var staðfest í Landsrétti 10. maí og hefur gæsluvarðhald á þeim forsendum síðan verið framlengt ítrekað.

Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi

- 37 Ákærði kvaðst ekki muna hvað þau brotþoli gerðu daginn fyrir andlát brotþola. Hann lýsti umræddu kvöldi svo að hann hafi verið að horfa á sjónvarpið. Hún hafi verið inni á baðherbergi, komið fram, labbað hægra megin við hann þar sem hann sat í stól og dottið. Hann hafi rétt út hönd til að draga úr falli hennar, hún lent á hönd hans og hörðum stól. Hann hafi meiðst á öxl við það. Brotþoli hafi sagt að hún hafi ekki meitt sig. Þau hafi síðan horft á sjónvarpið þar til hann fór að sofa. Þegar hann hafi síðan komið fram hafi hún setið í stól í stofunni með opin augu og virst horfa á sjónvarpið. Hún hafi engu svarað, hann hafi komið við hönd hennar og hún þá verið orðin köld. Hann hafi þá hringt á hjálp.
- 38 Ákærði kvað þetta hafa verið snemma kvölds. Hann hafi ætlað að hringja í 112 en ekki fundið símann sinn og ekki kunnað að opna síma brotþola. Hann hafi því hlaupið út. Þar hafi verið margir unglingar sem hann hafi kallað til og beðið um að hringja fyrir sig og 20-30 símar komið á loft. Þegar honum var tjáð að hann hefði sjálfur hringt í 112 kvað hann mögulegt að hann hafi hringt aftur nokkrum mínútum síðar. Ákærði kvaðst ekkert hafa hreyft við brotþola, aðeins tekið í hönd hennar og strokið kinn hennar. Hún hafi enn setið í stólnum þegar hjálp barst.
- 39 Ákærði kannaðist ekki við að brotþoli hafi verið með áverka en áréttaði að hún hefði dottið á stól og hann teldi hana hafa látist vegna þess falls. Hún hafi verið mjög óheppin og klaufsk. Þegar ákærða var tjáð að talið væri að brotþoli hefði látist vegna áverka af völdum annars manns kvað hann ekkert slíkt hafa verið í gangi um kvöldið sem hann myndi eftir. Hann hafi ekkert verið að berja hana „eða neitt svoleiðis“. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann sagðist hafa verið mjög ölvaður með djöfulsins læti og brotþoli ekki látist að sjálfu sér. Hann kvað það ekki hafa verið þegar þetta var. Hún hafi bara dottið og hann ekki haft annað upp úr því en öxl hans væri handónýtt.
- 40 Undir ákærða voru bornar myndir úr íbúð þeirra. Hann kvað stól sem brotþoli hefði dottið á ekki vera á myndinni og bar að þegar atvik urðu hafi þau ekki átt þau húsgögn sem voru á myndinni, þau hafi átt þau áður en verið búin að selja þau. Hann kvað þau brotþola hafa drukkið meira en þau hefðu átt að gera. Þau hafi þó ekki verið mikið ölvuð í þetta sinn, alla vega ekki hann.

- 41 Ákærði kannaðist ekki við að hafa beitt brotþola ofbeldi í gegnum tíðina, hann hafi ekki verið „að berja hana eða eitthvað svoleiðis sko“, sambandið hafi verið gott, þau hafi verið bestu vinir og alltaf saman. Aðspurður um framburð sona þeirra brotþola um mikið og langvarandi ofbeldi í sambandi þeirra, og meðal annars lýst spörkum og hálstökum, kvað ákærði ekkert um það að segja. Hann kvað B líta stórt á sig og dæma allt og alla. Þá vísaði hann til þess að brotþoli hafi verið óheppin og klaufsk. Ákærði kvaðst muna eftir komu lögreglu á heimilið í eitt skipti, það hljóti að hafa verið þegar brotþoli lést.
- 42 Ákærði kvaðst vera með „bullandi Alzheimer“ en kvað heilsu sína í lagi að öðru leyti. Aðspurður kvaðst hann vera fyrir dómi því að brotþoli hafi látist og verið væri að reyna að sækja mál gegn honum sem hann hafi ekkert með að gera. Hún hafi látist af því að hún hafi dottið. Aðspurður um aldur kvaðst ákærði vera „[...] árgerð. Hann kvaðst ekki vita heimilisfang sitt og ekki heldur hve lengi þau brotþoli hafi búið á Akureyri, það hafi verið í „einhvern tíma“. Hann kvaðst ekki vita hvaða dag þetta hefði gerst. Hann kvaðst ekki vita hvaða dagur væri, allir dagar væru eins í fangelsinu. Aðspurður um árstíð leit hann út um gluggann og kvað vera haust. Ákærði kvaðst nú dvelja í fangelsi, hann viti ekki hvar, en það sé á einhverri heiði. Þar sé rólegt og fari vel um hann. Þar hafi hann kynnst mönnum sem séu mestu ljúflingar. Hann hafi ekki gert áætlanir um framtíðina, hann viti ekki hve lengi hann verði í fangelsi.
- 43 Vitnið B, sonur ákærða og brotþola, kvað brotþola hafa verið góða og reynt að halda heimilinu í lagi en misst tökin, sem hafi verið vel skiljanlegt. Þegar þarna var komið við sögu hafi neysla hennar verið orðin mjög mikil og vanalegt að hún dæi áfengisdauða. Ákærði hafi tjáð honum að brotþoli hafi verið farin að fara í vínbúð án hans vitneskju og vitnið ekki séð ástæðu til að rengja það.
- 44 Vitnið kvað ákærða hafa beitt brotþola ofbeldi gegnum tíðina, hann hafi heyrt þegar ofbeldið átti sér stað en sjaldnar séð það því hann hafi reynt að horfa ekki upp á það. Brotþoli hafi alltaf verið með áverka og færst í aukana að hún hefði áverka á andliti. Hann kvað hafa verið erfitt að eiga við ákærða ölvaðan. Ef hann hafi rifið kjaft við ákærða hafi það verið ávísun á slagsmál og ákærði hafi beitt hann ofbeldi tvisvar eða þrisvar. Hann kvað ofbeldi gegn brotþola hafa verið líkamlegt og öskur, ákærði hafi stundum lamið harkalega í brotþola. Ákærði hafi enn beitt brotþola ofbeldi eftir að þau fluttu til Akureyrar en vitnið taldi það þó hafa verið minna en áður. Hann hafi þó séð ákærða slá brotþola eftir flutninginn til Akureyrar, líklega á þessu ári. Vitnið kvað brotþola ekki hafa rætt þetta við sig, hún hafi verið hrædd. Vitnið kvaðst ekki telja að ákærði hafi beitt ofbeldi þegar hann var allsgáður.
- 45 Vitnið kvað foreldra sína hafa verið edrú og í óvanalega góðu skapi daginn áður en brotþoli lést. Þau hafi gefið honum fyrir pizzu áður en hann fór til vinnu, sem hafi verið óvanalegt. Hann hafi farið út fyrir klukkan 19.
- 46 Vitnið kvað ákærða hafa verið orðinn ruglaðan. Hann hafi reyndar aldrei verið með gott minni og til að mynda ekki ratað um [S6] þótt þau hafi búið þar lengi. Honum hafi hrakað eftir að hann fékk hjartaáfall, langtímaminnið væri í lagi en skammtímaminnið ekkert.

Ákærði hafi verið orðinn illa með á nótonum, hafi helst sagt gamlar sögur og talað á sama veg við syni sína og ókunnugt fólk.

- 47 Aðspurt um líðan sína kvað vitnið foreldra sína sjaldnast hafa staðið sig í foreldrahlutverkinu og hann þurfi að hafa fyrir því að finna góðar minningar. Ástandið hafi verið ömurlegt og gott að þessu skuli vera lokið. Þetta hafi ekki verið neitt líf hjá brotþola. Hann kvaðst reyna að halda yfirvegun, hafa unnið mikið í sumar og þá liðið ágætlega. Honum líði þó stundum illa og sæki í adrenalín til að fá „kikk“, svo sem með hraðakstri.
- 48 Vitnið D, sonur ákærða og brotþola, kvað heimilið hafa verið í lagi þegar foreldrar hans voru allsgáð en annars fyllerí og ógeð, ákærði hafi lamið brotþola og beitt hana andlegu ofbeldi alla daga. B bróðir hans hafi í einhver skipti reynt að ganga á milli og hann sjálfur í eitt skipti.
- 49 Vitnið kvaðst hafa komið heim til foreldra sinna um síðust jól og á afmæli ákærða [...] sl. Jólin hafi verið í lagi en síðari heimsóknin ekki, brotþoli hafi þá verið drukkin, tekið pillur og verið borin inn í rúm um kl. 16. Hún hafi þá verið með áverka á auga. Vitnið kvað brotþola oft hafa dottið en fjölmargir áverkar hennar í gegnum tíðina verði ekki allir raktir til þess.
- 50 Vitnið kvað ákærða gleyminn og óratvísan. Hann hafi glímt við hjartveiki 2021 eða 2022 og geðheilsa hans, einkum minnið, þá versnað. Þegar vitnið var í 7. bekk hafi ákærði verið að skutla honum 500 m vegalengd í skólann og þurft að spyrja þrisvar til vegar á leiðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við ákærða eftir að hann fór í fangelsi að því undanskildu að ákærði hafi hringt þegar hann vantaði sigarettur. Hann hafi því hætt að svara ákærða í júlí sl.
- 51 Vitnið kvað líðan sína ekki öðruvísi en áður, þetta hafi bara verið venjan en nú sé þessu ofbeldi alla vega lokið.
- 52 Vitnið L, móðir brotþola, kvaðst hafa verið erlendis og þær mæðgur ekki hist frá því í október 2023. Hún hafi verið í sambandi við Kvennaathvarfið fyrr á þessu ári og hringt daglega í brotþola, boðið henni hjálp og hvatt hana til að koma til sín en hún alltaf beðið um vikufrest. Þegar þær ræddu saman hafi brotþoli yfirleitt verið inn á baðherbergi og hvíslað í símann. Þær hafi rætt saman um viku fyrir andlát brotþola. Brotþoli hafi verið undir áhrifum og vitnið heyrt hvað ástandið á henni var slæmt. Meðal annars hafi komið fram að augað væri komið út úr höfðinu á henni.
- 53 Vitnið kvaðst hafa búið á [S5] þegar brotþoli og ákærði bjuggu á [S2] en henni hafi yfirleitt ekki verið hleypt inn á heimili þeirra. Brotþoli hafi alltaf verið dauðhrædd við ákærða og til að mynda litið á hann þegar hún var spurð hvort hún vildi eitthvað. Vitnið hafi stundum séð hana illa leikna vegna ofbeldis. Brotþoli hafi alltaf reynt að fela ofbeldið og talað um að hafa dottið. Þegar vitnið hafi sagt að áverkarnir samræmdust því ekki hafi brotþoli hætt að tala.

- 54 Vitnið kvað syni þeirra einnig hafa lent í þessu, ákærði hafi ekki verið góður faðir. B hafi alltaf verið að passa upp á D bróður sinn. Hún kvað drengina duglega og ekkert vesen á þeim en þeim líði ekki vel og séu stressaðir.
- 55 Vitnið O, dóttir ákærða, kvaðst ekkert samband hafa haft við ákærða síðastliðin 15 ár. Áður hafi hún heimsótt þau og tvívegis búið hjá þeim að sumri. Hún kvaðst minnst þess að hafa í eitt skipti séð blóð og för á hálsi brotþola, sem hafi sagt að það væri af völdum ákærða. Vitnið kvaðst hafa reynt að fá brotþola með sér suður en hún hafi verið orðin samdauna ástandinu. Á þeim tíma hafi verið mikil drykkja á heimilinu og erfitt að eiga samskipti við ákærða sem hafi verið skemmdur af áfengisneyslu.
- 56 Vitnið P kvað þær brotþola hafa verið gamlar vinkonur úr menntaskóla en með tímanum hafi dregið úr samskiptum þeirra. Hún hafi glaðst yfir því að brotþoli flytti til Akureyrar en komist að því að ástandið á henni væri mjög slæmt, mikil drykkja og ofbeldi á heimilinu. Vitnið hafi reynt að hjálpa brotþola, koma fyrir hana vitinu og fá hana til að koma sér út úr þessum aðstæðum en hún hafi verið búin á því, á líkama og sál. Hún kvaðst tvisvar hafa náð brotþola einni og hún þá skýrt vitninu frá ofbeldi af hendi ákærði og sýnt henni áverka. Hún hafi verið í rúst líkamlega, mjög kvalin, marín frá toppi til táar, með magasár, hrædd og taugaveikluð.
- 57 Vitnið lögreglumaður nr. Q kvaðst hafa farið á vettvang þegar útkallið barst 22. apríl og hitt ákærða fyrir utan, í símanum að reykja. Hann hafi ekki verið áberandi ölvaður, talað skýrt og ekki verið valtur á fótunum. Vitnið kvað ákærða hafa boðið honum inn og vísað honum inn í stofu en vitnið strax séð að brotþoli lá inni í svefnherbergi. Hún hafi verið búin að liggja þar einhvern tíma og verið orðin stíf. Ákærði hafi talað um að brotþoli væri köld og að hún væri látin. Brotþoli hafi verið með sjáanlega áverka á höfði og blóð í munni og nösum. Vitnið kvaðst lítið hafa rætt við ákærða en þó spurt ákærða hvenær brotþoli hafi dottið og hann ekki getað svarað því.
- 58 Vitnið lögreglumaður nr. R kvaðst hafa verið kallaður út um klukkan fimm vegna andláts í heimahúsi. Honum hafi verið tjáð að þar væri löng saga um heimilisofbeldi og áverkar á hinni látnu og hann því fengið annan lögreglumann með sér. Þau hafi aðeins skoðað vettvang, tekið myndir og síðan lokað vettvangi fyrir tæknideild. Brotþoli hafi verið illa út leikin með áverka á bringu, bólgna í andliti og auga úr augntóft. Hann kvað ákærða hafa ráfað um og verið sagt að setjast. Hann hafi á einhverjum tímapunkti staðið upp og snöggreiðst. Hann hafi síðan verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Vitnið kvað ummerki um árásina einkum hafa verið á brotþola en þó verið blóðblettir í hillu við hlið hennar.
- 59 Vitnið lögreglumaður nr. E kvaðst hafa tekið við rannsókn málsins um morguninn og ekki farið á vettvang fyrr en eftir að lík brotþola hafði verið fært þaðan. Gerð hafi verið réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða. Hún hafi verið eðlileg og engin áverkamerki á honum. Hann hafi ekki virst átta sig á alvarleika málsins og að brotþoli væri látin. Í fyrstu skýrslutöku, 22. apríl, hafi framburður ákærða verið óstöðugur og hann ekki virst skilja að hann væri grunaður. Hann hafi gefið nýja skýrslu sama dag að eigin ósk. Hann hafi þá verið ákveðnari í framburði sínum en samt ekki verið heil brú í honum.

- 60 Vitnið lögreglumaður nr. I kvaðst hafa farið yfir feril fjölskyldunnar og staðfesti samantekt sína um langvarandi heimilisofbeldi sem rakin er í sjá málsgrein 25.
- 61 Vitnið kvaðst hafa grandskoðað upptökur úr eftirlitsmyndavél við [...]skóla. Myndavélin hafi verið með hreyfiskynjara en blaktandi fáni haldið henni í gangi nema rétt yfir blánóttina. Á upptökunni hafi mátt sjá þegar fólk kom og fór. Eftir að B hafi farið til vinnu hafi enginn umferð verið um íbúð ákærða fyrir en lögregla kom á vettvang. Framburður ákærða um fjölda barna fyrir utan ætti sér enga stoð. Þá kvað vitnið sófa og hægindastól á myndum úr íbúð ákærða hafa verið þar þegar atvikið varð.
- 62 Vitnið kvaðst hafa verið viðstaddur skýrslutökur af ákærða. Hann kvaðst telja að ákærði hafi vitað hvað honum var gefið að sök en ekki sýnt neina eftirsjá og virst mjög ótengdur. Ákærði hafi munað ágætlega eftir tíma þeirra á [S2] en ekki nýlegum atburðum, vitninu hafi virst minni hans valkvætt.
- 63 Vitnið lögreglumaður nr. S, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fór á vettvang ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum og réttarlækni. Kona hafi legið á gólfinu með höfuð við fótagafl rúmsins. Hann kvað mælingu á líkamshita brotþola ekki hafa verið marktæka vegna gólfhita og því ekki unnt að staðreyna dánarstund. Blóðkám hafi verið í sængurfötum sem ekki hafi verið tengt við þetta atvik. Staðsetning hafi ekki verið þannig að konan hafi dottið úr rúminu en mögulegt sé að brotþoli hafi legið á gólfinu þegar henni var veittur áverkinn sem dró hana til dauða. Blóðblettir hafi verið í hillu við hlið hennar en þeir verið of fáir og langt á milli til að unnt væri að tengja þá beint við þetta eða setja þá í rökrétt samhengi við aðstæður.
- 64 Vitnið T, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu, kvað flesta blóðbletti á fötum ákærða vera til komna við yfirfærslu (transfer blettir). Blettur í klofi nærbuxna ákærða hafi ekki verið af því tagi heldur ferðast gegnum loft og lent þar. Það eigi mögulega einnig við um 2-3 bletti á bol hans.
- 65 Vitnið G réttarlæknir kvað áverkamyndina flókna og einkennast af áverkum komna til fyrir sljóa krafta, högg og þrýsting, á mismunandi tímupunktum. Staðsetning og eðli áverkanna sé eins og eftir árásir. Töluvert hafi verið um ferska áverka, þar á meðal áverkinn á kvið, mar á kviðvegg og lifur, slit á garnahengi og bláæð og smærri slagæðum sem olli blæðingum í kviðarhol. Kviðáverkin hafi verið „snarferskur“, stór bláæð djúpt í líkamanum hafi rofnað og brotþola blætt hratt út. Ekki hafi liðið margar mínútur frá rofi æðarinnar þar til brotþoli lést en því yrði ekki slegið föstu hve margar. Að auki hafi víða hafi verið ferskir áverkar, meðal annars á hálsi, andliti og munni. Markverðir áverkar hafi verið á vinstri síðu, einn eldri og annar nýrri ofan í hann. Ferskir áverkar hafi verið margir og geti haft víðan tímaramma. Gólfhiti í íbúðinni hafi komið í veg fyrir að unnt væri að ákvarða dánarstund.
- 66 Varðandi framburð ákærða um að brotþoli hafi dottið á stól kvað vitnið þekkt að samskonar áverki og var á kvið hennar sé þekktur hjá börnum sem lendi í reidhjólalysi og þrykkist fram á stýrið. Áverkinn geti samræmst því að stigið eða spyrnt hafi verið á kvið brotþola með fæti eða hné. Ekki hafi þurft snerpu, fyrst og fremst þunga. Vitnið kvaðst ekki geta útilokað, út frá áverkanum einum, að hann hafi komið til við að brotþoli

hafi dottið en allt þurfi þá að koma hárrétt saman. Allt garnahengið hafi rifnað og því hafi verið um að ræða verulegan kraft djúpt inn í kviðarholið. Vitnið telji vafasamt að áverkinn hafi orðið til við það að brotapolí hafi dottið á stól. Stóll á myndum í málinu hafi ekki ákomuflöt sem geti samrýmst áverkanum og ekki annað sem hann hafi séð á myndum úr íbúðinni. Dýptin tali fyrir minna ákomusvæði, hefði ákomusvæðið verið umfangsmeira mætti gera ráð fyrir ákomum á húð eða brotnum rifbeinum. Lögun ákomuflatar hafi verið ávöl því ekki hafi verið ákomur á húð eða áverkar á rifjum. Þá hafi ekkert annað verið á myndum af vettvangi sem hafi verið þess eðlis að hafa getið valdið áverkanum við fall.

- 67 Vitnið kvaðst hafa skoðað bláæðina í smásjá og hún hafi verið eðlileg, ekkert hafi bent til þess að æðin eða garnahengið hafi verið óeðlileg þannig að minna þyrfti til að svona færi en hjá frískum einstaklingi. Ljóst sé að krafturinn hafi verið mjög verulegur og gengið djúpt í kviðinn. Vitnið kvað brotapóla hafa verið lifandi þegar hún fékk áverkann. Hún hafi þó verið með 4,2% etanól í blóði og litlu meira í þvagi og ekki hafi orðið mikið hlé á drykkju fyrir andlátíð. Ekki sé ólíklegt að brotapolí hafi verið hálfsofandi þegar hún hlaut áverkann. Hún kunni að hafi legið þegar hún fékk áverkann, til að mynda við að einhver stigi á hana eða setti hné í kvið hennar. Af gögnum verði þó ráðið að brotapolí hafi verið með mikið þol fyrir áfengi, þar komi fram að við komu á bráðamóttöku á þessu ári hafi etanól í blóði brotapóla mælst 3,5% en hún engu að síður talað og gengið.
- 68 Vitnið kvað staðsetningu áverka á hálsi benda til þess að þeir hafi komið til við hálstak. Þetta séu margþátta, flóknir áverki með tveimur tegundum húðblæðinga. Um hafi verið að ræða margar ákomur en hálsinn sé sá staður líkamans sem sjaldnast verði fyrir tilfallandi áverkum. Ætla megi að þar hafi verið einhver aðgerð að baki.
- 69 Áverkar á andliti og munnslímhúð hafi verið eins og eftir slag eða þrýsting yfir munnsvæði. Á hvirfli hafi verið blæðing, einverjum dögum áður. Staðsetning bendi til þess að áverkinn hafi verið vegna höggs veittu af öðrum manni, hann hafi verið beint ofan á höfði þar sem erfitt sé að slasa sig. Staðsetning húðblæðinga á kinn og enni hafi bent til þess að þær hafi komið til fyrir aðför annars manns. Mar á brjósti hafi komið til fyrir kraft sem komi markvisst að og virðist hafa verið veitt af öðrum manni, sama eigi við um mjúkvefjablæðingu á kviðvegg og hægri öxl. Á vinstri síðu hafi rifbein verið brotið tvívegis á sama stað, það eldra lítið eldra en það síðara. Annað rifbeinsbrot hafi verið fyrir aðra ákomu, meira aftan frá. Lendhryggjarbrot hafi verið nærri rifbeinsbrotunum. Það hafi komið til fyrir sams konar kraft og fleiri en eitt högg.
- 70 Vitnið kvað heildarmynd áverkanna vera skólabókardæmi um árásir, til dæmis mikið heimilisofbeldi. Áverkarnir í samhengi gefi nákvæmari heildarmynd. Ekki sé ólíklegt að brotapolí hafi dottið vegna mikillar áfengisneyslu en heildarmynd áverkanna hafi verið önnur en hjá þeim sem detti mikið vegna drykkju. Þá kvað vitnið tilhneigingu brotapóla til floga virðast tengjast fráhvörfum af völdum áfengisneyslu, hún hafi ekki verið í fráhverfi á þessum tíma heldur mjög ölvuð.
- 71 Vitnið H réttarlæknir kvaðst ekki hafa verið viðstaddur krufningu brotapóla en séð myndir og komið að túlkun niðurstaðna með vitninu G. Um hafi verið að ræða marga

áverka víðsvegar um líkamann, flesta ferska en einnig aðra eldri svo sem beinbrot komin í gróanda. Ekki sé algengt að sjá áverka eins og í kvið brotþola, rof á æð svo djúpt í kviðarholi. Kviðáverkin hafi verið mjög alvarlegur og blæðingin verið dánarorsök. Hann telji mjög líklegt að um hafi verið að ræða áverka af völdum annars manns með höggum, spörkum eða álíka, heildarmynd áverka á höfði, hálsi, útlimum og bol sé dæmigerð fyrir slíkar árásir. Langsótt sé að fall á rakatæki, sem myndir í gögnum málsins sýna, hafi getað orsakað áverkann. Hann kvað einhverja áverka á útlimum og höfði mögulega hafa getað komið til fyrir flog en ekki alla. Hann kvað afskaplega ólíklegt að brotþoli hafi látist vegna ölvunar þótt um mikið magn hafi verið að ræða, það þurfi hjartslátt til að manni blæði út. Brotþoli gæti hafa verið útslegin vegna ölvunar en ekki látin. Misjafnt sé hve mikið alkóhól menn þoli og miðað við sögu hafi brotþoli haft mikið þol.

- 72 Vitnið F læknir kvaðst hafa skoðað ákærða með tilliti til þess hvort hann væri með varnaráverka. Svo hafi ekki verið. Ákærði hafi verið kæruleysislegur í fasi, eins og þetta biti lítið á hann. Hann hafi nánast verið glaðhlakkalegur að segja frá alvarlegum hlutum, hann hafi sagt vitninu að konan hans hefði dáið eins og ekkert væri sjálfsagðara. Vitnið kvaðst hafa útskýrt fyrir ákærða af hverju hann væri að skoða hann og ákærði hafi virst skilja það. Hann hafi hvorki verið áberandi drukkinn né með áberandi merki um að hann væri að þynnast upp heldur verið viðræðuhæfur og virst vel áttaður. Heilabilun hafi ekki verið nefnd við vitnið en ákærði hafi ekki virkað sláandi heilabilaður.
- 73 Vitnið U læknir kvaðst hafa verið kölluð á vettvang vegna meðvitundarleysis en verið tilkynnt þegar hún var á leið þangað að um andlát væri að ræða. Hún kvað brotþola hafa verið með mar í andliti, blæðingu við auga og blóð við munn og nef. Þá hafi verið gamalt mar á bringu, kvið og hægri hendi.
- 74 Vitnið kvaðst hafa verið kallað út að nýju um klukkan 7 til að draga ákærða blóð. Hann hafi verið kurteis og samvinnuþýður en stressaður og kaldsveittur.
- 75 Vitnið M, geðlæknir og dómkvaddur matsmaður, kvað ákærða hafa verið kæruleysislegan í fasi og ekki virst skilja stöðuna og mikilvægi málsins. Hann hafi ekki skilið að honum væri gefið að sök að hafa orðið valdur að andláti brotþola og ekki sýnt merki um eftirsjá. Hún kvað hann ekki hafa geta sagt skýrt frá högum sínum, svo sem hvar hann bjó eða vann á mismunandi tímabilum ævinnar. Saga hans af atvikum málsins sé augljóslega ekki rétt, svo sem frásögn hans af fjölda barna fyrir utan húsið, og mögulega væri hann að lýsa annarri eldri minningu. Vitnið kvaðst meta það svo að ákærði hafi ekki stýrifærni til að ljúga sig skipulega út úr þessu en hann skáldi hugsanlega í eyðurnar. Ef fólk með heilabilun komist í uppnám geti það orðið meira ruglað en annars.
- 76 Varðandi sakhæfi vísaði vitnið til þess að ákærði sé með heilabilun sem teljist andleg hrörnun í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafi þó einnig verið undir áhrifum áfengis þegar atvik málsins urðu og taldi vitnið að hann hefði líklega ekki gert þetta nema í slíku ástandi. Vitnið kvaðst telja ákærða ófæran um að bjarga sér. Hann borði nánast ekkert, fari ekki í sturtu og þvoi ekki fötin sín. Hún kvað öldrunarlækni hafa greint merki um Alzheimers. Hún kvað heilabilun sem stafi af áfengisneyslu (Wernicke-

Korsakoff heilkenni) í sumum tilvikum meðhöndlanlega, það fari eftir því hve langt hún sé gengin. Ekki séu merki um að heilabilunin sé að ganga til baka hjá ákærða og mjög ósennilegt að það muni gerast. Seinni minnispróf hafi þó gengið heldur betur en til að byrja með. Hún kvað ákærða ekki hafa sýnt eftirsjá en það virðist renna upp fyrir honum inn á milli að brotapolí sé látin og hann hafi grátið aðeins í seinna viðtali hennar við hann.

- 77 Vitnið kvað ákærða ekki skilja að samhengið milli sakfellingar og refsingar og hann meðtaki ekki að hann sé ásakaður um að hafa banað brotapolá. Hún kvað ákærða fremur eiga heima á hjúkrunarheimili en á geðdeild. Mikilvægt sé að hann geti ekki labbað út og nái ekki í áfengi eða fíkniefni, hann geti mögulega verið hættulegur undir áhrifum. Hún kvað ákærða una sér vel í fangelsi en það sé þó ekki úrræði við hans hæfi vegna heilabilunarinnar, þar verði engin betrun og hann skilji ekki af hverju hann er þarna í dag. Þá hafi komið upp að hann hafi náð sér í fíkniefni í fangelsinu.
- 78 Vitnið N öldrunarlæknir kvaðst hafa hitt ákærða tvívegis, 4. september og 22. október 2024. Hann hafi verið áhyggjulaus og kærulaus, ekki beint sýnt mótþróa en ekki haft áhuga á verkefninu. Hann hafi grínast og hlegið þrátt fyrir alvarleika málsins. Vitnið kvað ákærða uppfylla greiningarskilmerki heilabilunar. Blóðprufur hafi verið nokkuð eðlilegar en óyggjandi merki um tilvist Alzheimer í mænuvökva. Ákærði sé með heilabilun á grundvelli snemmkomins Alzheimer. Hún kvað ólíklegt að ákærði gæti bjargað sér sjálfur og ætti erfitt með sjálfstæða búsetu. Í fangelsinu búi hann við valkvæða þátttöku í athöfnum daglegs lífs og hafi verið óhirtur. Til staðar sé a.m.k. skerðing á sinnu og sennilega getu til grunnathafna daglegs lífs.
- 79 Vitnið kvað erfitt að svara því hvort ákærði hefði skilning á inntaki refsinga og kvaðst ekki geta svarað því hvort hann ætti heima í fangelsi. Persónuleiki hans sé sérstakur og mögulega um að ræða persónuleikaröskun og/eða þroskaskerðingu sem takmarki skilning hans á refsingum. Vitnið bar að maður í sömu stöðu, sem stæði ekki frammi fyrir því að afplána refsingu, myndi vera undir eftirliti þar til ástæða væri til að hann færi í sérhæfða dagþjálfun. Síðan kæmi til vaxandi stuðningur í heimahúsi. Ákærði eigi ekki erindi á lokaða deild fyrir heilabílaða.

Niðurstæða

- 80 Ákærða er gefið að sök manndráp og stórfellt brot í nánú sambandi, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 22. apríl 2024, svipt sambýliskonu sína, A, lífi á heimili þeirra. Hann hafi beitt hana margþættu ofbeldi og misþyrmt henni í aðdraganda andláts hennar og er fjölmörgum áverkum, víðs vegar um líkama hennar, lýst í ákærinni.
- 81 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna.

- 82 Ákærði bar fyrir dómi að umrætt kvöld hafi hann verið að horfa á sjónvarpið. Brotapoli hafi komið fram til hans, gengið hægra megin við hann þar sem hann sat í stól, og dottið. Hann hafi rétt út hönd til að draga úr falli hennar og gerði nokkuð úr að hann hefði meiðst á öxl við það. Brotapoli hafi lent á hörðu en sagt að hún hafi ekki meitt sig. Þau hafi síðan horft á sjónvarpið þar til hann fór að sofa. Þegar hann vaknaði hafi brotapoli setið á stól í stofunni með opin augu og verið orðin köld. Þetta hafi verið snemma kvölds. Hann hafi ætlað að hringja í 112 en ekki fundið símann sinn og hlaupið út. Þar hafi verið fjöldi unglunga og 20-30 símar komið á loft þegar hann bað þau að hringja fyrir sig. Brotapoli hafi enn setið á stól þegar hjálp barst.
- 83 Ákærði var fjórum sinnum yfirheyrður undir rannsókn málsins; um miðjan dag 22. apríl, aftur laust eftir kvöldmat þann dag að hans ósk, 28. apríl og 29. maí. Í öll skiptin talaði hann mikið um að minni sitt væri mjög lélegt, hann væri kominn með Alzheimer. Fram kom að áfengisneysla hefði verið vandamál á heimilinu og farið versnandi með árunum. Spurður um ofbeldi gegn brotapolu í gegnum tíðina svaraði hann því oftast til að hann gæti ekki munað aftur í tímann. Þegar honum var tjáð að synir hans hefðu lýst heimilisofbeldi af hans hálfu kvað hann það þó ábyggilega rétt hjá þeim. Vel gæti verið að hann hafi beitt brotapolu ofbeldi en þá ekki nema hann hafi verið blindfullur. Hann vísaði margsinnis til þess að brotapoli hefði verið klaufsk og sídettandi og nefndi að hún fengi auðveldlega marbletti. Hann vísaði einnig til þess að hún hafi sögu um flogaköst og átt það til að detta fram fyrir sig beint á andlitið. Í síðustu skýrslunni voru borin undir hann einstök tilvik þar sem brotapoli hafði leitað á sjúkrastofnanir, meðal annars atvik sem ákæruliður 2 tekur við. Hann bar þá ítrekað við minnisleysi sínu og eindæma klaufaskap brotapolu sem „gat slasað sig á öllu. Hún hefði „verið dettandi út og suður“ og rekandi sig í.
- 84 Við fyrstu yfirheyrslu svaraði ákærði spurningum hugsanlegan þátt hans í andláti brotapolu svaraði hann: „Þarna var ég náttúrulega orðinn rosalega ölvaður, sko ég bara... ég meina hún hefur varla dáíð að sjálfu sér sko. Nei ég veit það ekki. Já, ég man bara eftir það voru einhver djöfuls læti í mér, sko ég... já. Ég veit ekki út af hverju eða neitt sko“. Hann myndi þetta ekki nánar og gat ekki útskýrt hvað hann ætti við með því að hann hafi verið með djöfuls læti en sagði þó að eitthvað hafi verið að gerast, hún hafi ekki dáíð að sjálfu sér. Ákærði gat ekki svarað spurningum um tilurð áverka á andliti, höfði, bringu og hálsi brotapolu en sagði: „Það hlýtur að vera mér að kenna, ég meina... sko ég man ekki eftir þessu, ég man ekki nema parta, part og part.“ Hann kvaðst ekki minnast þess að brotapoli hafi verið með áverka fyrr um daginn eða um kvöldið. Hann hafði engar skýringar á því að blóð brotapolu fannst á bol hans. Við síðari yfirheyrslur vísaði hann til þess að brotapoli hafi dottið.
- 85 Ýmis atriði í framburði ákærða stangast á við gögn málsins og getur það að einhverju leyti skýrst af minnisleysi hans eða því að hann sé að vísa til annarra eldri atvika. Fyrir liggur að brotapoli lá á bakinu á svefnherbergisgólfinu þegar lögregla kom á vettvang en sat ekki í stól eins og ákærði hefur ítrekað sagt. Hann nefndi þó í einni skýrslu sinni að vera kynni að hann hafi reynt að koma henni í rúmið þótt hann ræki ekki minni til þess. Þá sýna upptökur úr öryggismyndavélum við [...]skóla og sú staðreynd, að hann hringdi

sjálfur í 112 þessa nótt, að frásögn hans af fjölda barna fyrir utan heimili þeirra, sem hafi hringt eftir aðstoð fyrir hann, fær ekki staðist.

- 86 Vitnin B, D, L og P báru að ákærði hafi beitt brotaþola ofbeldi í gegnum tíðina. Hjá lögreglu lýstu synir þeirra því nánar en fyrir dómi og sögðu ofbeldið hafa verið viðvarandi frá því að þeir mundu eftir sér. B nefndi að ákærði hefði talað mjög illa til brotaþola, löðrungað hana, kastað henni til og sparkað í hana. Hann hefði tekið hana hálstökum sem hafi hljómað eins „þegar einhver er að kyrkja úr manni lífið“. D nefndi einnig að hann hafi margsinnis séð ákærða taka brotaþola hálstaki, kýla hana í öxlina og ýta henni. Hann hafi verið mjög orðljótur í hennar garð, sagt að hún væri hóra og ógeðsleg. Þá lýsti brotaþoli grófu ofbeldi af hans hálfu á sjúkrahúsi 6. febrúar 2024 og nefndi þar spark í höfuð og kvið (atvik sem ákæruliður II tekur til). Gögn málsins bera með sér að ákærði hafi beitt brotaþola ofbeldi að minnsta kosti frá árinu 2008. Þetta má sjá í sjúkraskýrslum og gögnum frá barnavernd. Í skýrslu um réttarkrúfningu eru nefnd ýmis merki um eldri áverka, svo sem ný gróin rifbrot til viðbótar við þau únliðs- og handleggsbrot sem lýst er í fyrirliggjandi sjúkraskrá. Á grundvelli framangreinds þykir óhætt að slá því föstu að ákærði hafi beitt brotaþola grófu ofbeldi um langt árabil og lengi áður en heilabilun fór að gera vart við sig.
- 87 Ákærði bar því ítrekað við að minni hans sé lélegt og liggur fyrir að hann glímir nú við minnisskerðingu. Minnisskerðing hans virðist þó einkum taka til nýlegra atburða. Þrátt fyrir að hann virðist muna eldri tíð neitar hann því að mestu að hafa beitt brotaþola ofbeldi í gegnum tíðina. Í fyrstu skýrslu sinni hjá lögreglu nefndi hann þó að það gerðist ekki nema hann væri blindfullur. Með vísan til framangreinds er það álit dómsins að framburður ákærða sé ekki trúverðugur um atriði sem ætla verður að minni hans nái þó til.
- 88 Staðsetning og lögun einstakra áverka brotaþola benda sterklega til þess að þeir verði raktir til ofbeldisverks annars manns, sbr. skýrslu um réttarkrúfningu sem rakin er í efnisgreinum 11-23 og framburði réttarlæknanna G, sjá efnisgreinar 65-70, og H, sjá efnisgrein 71. Það á meðal annars við um þann áverka sem dró brotaþola til dauða.
- 89 Þær skýringar ákærða að brotaþoli hafi hlotið áverkana við fall, þar á meðal þann áverka á kvið, með áverkum og rofi á efri garnahengisbláæð, sem var banamein hennar, fá ekki staðist. Samkvæmt framburði vitnisins G réttarlæknis væri eini möguleikinn á að slíkur áverki yrði til við fall að viðkomandi lenti á hlut sem væri fastur fyrir, með ákomusvæði líku hné. Hefði ákomusvæðið verið umfangsmeira hefðu rifbein brotnað sín hvoru megin við. Áverkinn hafi samræmst því að stigið hafi verið á kvið brotaþola með fæti eða hné. Enginn hlutur sem samræmist því að áverkinn hafi komið til við fall hefur komið fram við rannsóknina þrátt fyrir að það hafi verið athugað og meðal annars hafi verið skoðað hvort brotaþoli hefði getað fallið á stól eða lofthreinsitæki sem þar var.
- 90 Það er þó ekki síst heildarmynd áverka brotaþola sem bendir sterklega til þess að þeir hafa komið til fyrir ofbeldisverk. Áverkarnir eru fjölmargir, víða um líkama brotaþola. Vitnið G bar fyrir dómi að heildarmynd áverkanna væri skólabókardæmi um árásir, til dæmis mikið heimilisofbeldi. Vitnið H réttarlæknir kvað heildarmynd áverka á höfði,

hálsi, útlimum og bol brotaþola vera dæmigerða fyrir árás af völdum annars manns. Í skýrslu um réttarkröfningu kom þó fram að ekki væri útilokað áverkjar sem nefndir eru í 5. tölulíð ákæru hefðu getað komið til við eigið fall þótt eins megi rekja þá til höggs veittu af öðrum manni í bolinn. Aðrir áverkjar sem þar eru mögulega taldir vera vegna falls voru smávægilegir. Samkvæmt framangreindu bendir áverkamyndin sterklega til þess að annar maður hafi veitt brotaþola alla alvarlegustu áverkana, þar á meðal áverkann á kviðinn sem dró brotaþola til dauða og áverka á hálsi sem ætla má að hafi komið til fyrir hálstak.

- 91 Ekki var unnt að staðfesta nákvæma dánarstund brotaþola en fyrir liggur að hún lést á fáum mínútum eftir að hún fékk kviðáverkan. Samkvæmt skýrslu réttarlækna var meginþorri áverkanna ferskur og samræmdust þeir því best að þeir hafi komið til á sólarhringnum fyrir andlát hennar þótt einhverjir kunni að hafa verið eldri. Samkvæmt upptökum úr öryggismyndavélum við [...]skóla, þar sem sjá mátti ferðir til og frá heimili ákærða og brotaþola, komu þau heim um klukkan 18:30 og B fór út laust eftir klukkan 19. Eftir það átti enginn leið þar um fyrr en lögregla kom á vettvang. Vitnið B bar að ákærði og brotaþoli hafi bæði verið með hressara móti um kvöldmatarleytið 21. apríl. Ákærði nefndi ekki fyrir dómi að neinn annar hafi verið á heimili þeirra. Við yfirheyrslur lögreglu svaraði hann spurningum þar að lútandi á þann veg að þau hefðu verið þar ein. Þá fannst blóð úr brotaþola á höndum og fatnaði ákærða. Þykir sannað að ekki hafi verið öðrum en ákærða til að dreifa sem hefðu getað veitt brotaþola þá áverka sem í ákæru greinir.
- 92 Í fyrstu skýrslu sinni hjá lögreglu, um tíu klukkustundum eftir að lögregla kom á vettvang, skýrði ákærði frá því að hafa verið mjög ölvaður, með djöfulsins læti, og brotaþoli hafi ekki dáíð að sjálfu sér. Áverkjar hljóti að vera af hans völdum þótt hann myndi ekki eftir því. Í samtali við neyðarlínu bað hann brotaþola fyrirgefningar. Frásögn um að brotaþoli hafi dottið og hann síðan fundið hana látna í stól inni í stofu, og af börnunum fyrir utan húsið, kom fram í annarri skýrslu hans og hefur hann síðan haldið sig við hana. Er að mati dómsins líkur á að í fyrstu skýrslu hafi hann vísað til þess litla sem hann mundi en hann hafi síðar fyllt í eyðurnar.
- 93 Með vísan til framangreinds þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í líð I í ákæru og með því valdið þeim áverkum sem þar eru taldir, að undanskildum áverkum sem taldir eru í tölulíð 5.
- 94 Í ákæru eru brot ákærða talin varða við 211. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við málflytning var einnig fjallað um mögulega heimfærslu til 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Máli þessu svipar um margt til máls sem fjallað er um í dómi Hæstaréttar 11. október 2022 í máli nr. 31/2022. Verða þau sjónarmið sem þar eru rakin um heimfærslu til refsíákvæða höfð hér til hliðsjónar.
- 95 Í 211. gr. laganna segir að hver sá sem sviptir annan mann lífi skuli sæta fangelsi, ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt.
- 96 Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b laganna skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila,

niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að 6 árum. Í 2. mgr. segir að sé brot stórfellt geti það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skuli sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

- 97 Í 1. mgr. 218. gr. hegningarlagna segir að, hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef sérstakar málsbætur eru. Samkvæmt 2. mgr. varðar það fangelsi allt að 16 árum ef stórfellt líkams- eða heilsutjón hlýst af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu.
- 98 Til að verknaður ákærða verði talinn manndráp sem varði við 211. gr. þarf ákærvaldið að sýna fram á að ásetningur ákærða á verknaðarstundu hafi ekki aðeins náð til ofbeldisverksins heldur einnig þess að bana brotþola. Að framan er komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi í aðdraganda andláts brotþola beitt hana margþættu ofbeldi og að lokum veitt henni áverka sem varð henni að aldurtíla. Að áliti dómsins þykir rétt að virða framgöngu ákærða í aðdraganda andláts brotþola í heild. Atlögur hans eru margar og beindust meðal annars að viðkvæmum stöðum, svo sem höfði, hálsi og kvið brotþola. Framburður ákærða hefur verið ruglingslegur og lítið á honum byggjandi. Engin vitni voru að verknaðinum. Ekki liggur skýrt fyrir hvernig hann veitti brotþola þann áverka sem dró hana til dauða þótt fyrir liggi að um hefur verið að ræða mjög þungt högg eða mikinn þrýsting, sem gekk djúpt inn í kvið hennar. Samkvæmt framburði vitnisins G gat hann hafa komið til þannig að stigið væri á kvið brotþola með fæti eða hné. Ákærði gekk margsinnis af mikilli hörku í skrokk brotþola og sýndi af sér algert skeytingarleysi um velferð hennar. Þó þykir varhugavert að telja fram komna fulla sönnun þess að ásetningur hans hafi á verknaðarstundu staðið til þess að bana brotþola heldur verður lagt til grundvallar að hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi um afleiðingar háttsemi sinnar. Verður brotið því ekki heimfært til 211. gr. almennra hegningarlaga.
- 99 Með vísan til tengsla ákærða og brotþola, grófleika árásarinnar og þess að brotþoli lést af áverkum sínum, sbr. einnig áðurgreindan dóm Hæstaréttar, verður háttsemi ákærða heimfærð til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður II

Málavextir

- 100 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu tilkynnti P, vinkona brotþola, um heimilisofbeldi á heimili ákærða og brotþola klukkan 20:22 þann 6. febrúar 2024. Lögregla hitti P fyrir utan húsið, í miklu uppnámi. Lögregla knúði dyra en enginn kom í fyrstu. Lögreglumaður gerði grein fyrir hverjir væru á ferð og þá kom ákærði til dyra sjáanlega ölvaður.

Brotapoli sat í eldhúsinu, verulega ölvuð og með töluverða sjáanlega áverka á höfði. Nef hennar var bólgið og aðeins skakkt og blóð í hársverði og hafði lekið niður andlit hennar. Hún var marin og bólgin við hægri auga, með skrámur á vinstri öxl og marbletti á hægri handlegg. Hún sagðist í fyrstu ekkert finna til en sagði síðar að sig verkjaði alls staðar. Sjáanlegur blóðpollur var á eldhúsgólfi sem hafði þó að mestu verið þurrkaður upp. Brotapoli var illskiljanleg en þó skildist að hún sagðist hafa gert þetta sjálf. Framburður ákærða var einnig ruglingslegur og hann talaði samhengislaust um „gaurinn“ sem væri í íbúðinni. Þar voru engir aðrir staddir. Blóðblettir voru á hægri lófa og handarbaki ákærða og blettir í bol hans sem voru taldir geta verið blóð. Á lögreglustöð blés hann í alkóhól mæli sem sýndi 2%. Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð en brotapolí flutt til aðhlyningar á Sjúkrahúsið á Akureyri.

- 101 Rannsóknarlögreglumaður ræddi við brotapolá á sjúkrahúsinu. Hún kvaðst hafa verið mjög ölvuð og hafa dottið og afþakkaði alla aðstoð, svo sem viðtöl hjá Bjarmahlíð eða í Kvennaathvarfi.
- 102 Í samantekt af framburði vitnisins P á vettvangi segir að hún hafi rætt við brotapolá í síma og heyrt að ástandið væri slæmt. Hún hafi farið til hennar og séð að brotapolí væri illa farin, með sýnilega áverka á andliti og hafi fundið til við hverja hreyfingu. Ákærði hafi komið að, verið ógnandi og hótad að „rota hana í klessu“ ef hún færi ekki út. Vitnið hafi farið út því hún óttaðist ákærða en hringt á lögreglu. Hún hafi lýst því að ákærði hefði beitt brotapolá ofbeldi um langa hríð. Hann hafi einangrad brotapolá frá öðrum og samskipti hennar við brotapolá því að mestu verið í síma. Vitnið hafi reynt að komast í meira sambandi við brotapolá án árangurs. Þá hefði hún verið í sambandi við móður brotapolá sem einnig væri áhyggjufull.
- 103 Fyrir liggur áverkavottorð dags. 11. apríl 2024. Þar kemur meðal annars fram að brotapolí hafi verið flutt á sjúkrahúsið vegna heimilisofbeldis. Hún hafi verið í annarlegu ástandi og illa getað fylgt fyrirmælum. Hún hafi verið marin og blóðug í andliti, marin undir hægri auga, á hálsi og hnakka, mikil bólga kringum nefið og þornað blóð við nasaop. Á útlimum hafi verið gamlir og nýir marblettir og óþægindi í baki án sjáanlegs áverka. Tölvusneiðmynd hafi sýnt brot í nefi og tilfærslu á miðsnesi og blóðsöfnunarbólgu á svæðinu en engin merki um innankúpublæðingu. Blóðprufur hafi sýnt etanól 94 og þvag verið jákvætt fyrir bensódíazepín lyfjum. Brotapolí hafi verið lögð inn og áverkar myndaðir daginn eftir. Hún hafi þá verið í fráhvörfum og lýst því að vilja hætta að drekka en þó ekki vera viss um að vilja fara á Vog. Sama dag hafi hún útskrifað sig sjálf gegn læknisráði.
- 104 Í sjúkraskrá kemur fram að brotapolí hafi í fyrstu ekki viljad segja frá því hvað hefði gengið á en síðan skýrt frá slæmu ofbeldi af hálfu sambylismanns.

Framburðir ákærða og vitna

- 105 Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að brotapolí hafi farið á sjúkrahús í febrúar. Hann kannaðist við að vitnið P vinkona brotapolá hafi einu sinni komið á heimili þeirra. Hann kvaðst einu sinni minnst komu lögreglu á heimilið, það hljóti að hafa verið þegar brotapolí lést.

- 106 Vitnið P kvaðst hafa hringt í brotaþola og heyrt að ástandið var mjög bággt og brotaþoli drukkin. Brotaþoli hafi sagt að ákærði væri sofandi og vitnið því farið til hennar. Brotaþoli hafi verið ölvuð og með áverka. Vitnið hafi viljað ná henni út og brotaþoli samþykkt það en ákærði þá vaknað og verið með ruddaskap. Hann hafi hellt úr skálum reiði sinnar, reitt hnefann á loft og ætlað að kýla hana. Vitnið hafi sagt ákærða að hún myndi láta hirða hann, farið út og hringt á lögreglu. Hún hafi verið með brotaþola á spítalanum. Þar hafi hún opnað sig eftir hvatningu um að segja frá og talað um að ákærði hafi ekki verið góður við hana. Eftir þetta hafi vitnið ekki verið velkomið á heimilið. Aðspurð um framburð þess efnis að verið gæti að brotaþoli hafi í einhverjum tilvikum dottið vegna áfengisneyslu kvað vitnið brotaþola gjarnan hafa gefið þær skýringar á áverkum sínum að hún hafi dottið eða gengið á hurð.
- 107 Vitnið B kvaðst ekki muna hvort hann bjó hjá foreldrum sínum í febrúar en hann hafi heyrt af nefbroti. Foreldrar hans hafi bæði sagt, eins og venjulega, að brotaþoli hafi bara verið klaufi. Hann hafi ekki vitneskju um allt sem gekk á á heimilinu en það hafi ekkert haft með það að gera að brotaþoli væri klaufsk.
- 108 Vitnið L, móðir brotaþola, kvaðst alltaf hafa haldið einhverju sambandi við vitnið P sem hafi skýrt henni frá atvikinu í febrúar. Hún kvaðst ekki muna hvort hún ræddi það tilvik við brotaþola.
- 109 Vitnið lögreglumaður nr. V kvað tilkynningu hafa borist 6. febrúar frá vitninu P. Hún hafi verið í uppnámi því ákærði hefði lagt hendur á brotaþola. Hann hafi rekið P út og verið ógnandi í hennar garð. Vitnið hafi farið inn ásamt öðrum lögreglumanni. Ákærði hafi verið í annarlegu ástandi með blóð á höndum og bol og látið eins og hann vissi ekki ástæðu komu þeirra. Hann hafi talað um „gaurinn“ en enginn annar en þau brotaþoli verið á staðnum. Brotaþoli hafi verið illa á sig komin, nefbrotin og blóðug. Lítið hafi náðst upp úr þeim en brotaþoli hafi talað um háa skápa. Ákærði hafi verið látinn blása í alkóhól mæli og mælst mun hærri en ástand hans hafi gefið tilefni til að ætla. Vitnið rak ekki minni til þess að hafa séð áverka á ákærða.
- 110 Vitnið J hjúkrunarfræðingur kvaðst hafa tekið á móti brotaþola á sjúkrahúsinu þennan dag. Hún hafi verið undir áhrifum, í miklu uppnámi, illa farin, hrædd og verkjuð. Hún hafi róast þegar P vinkona hennar kom. Um hálf tíma eftir komu hafi hún skýrt frá ljótu ofbeldi, meðal annars að sparkað hefði verið í kvið hennar og höfuð. Vitnið kvaðst ekki vita hvort það hafi allt verið þennan dag eða til lengri tíma, hún hafi verið með gamla og nýja áverka. Brotaþoli hafi síðan dregið frásögn sína til baka. Vitnið kvað ákærðu hafa verið aðeins þvoglumælt en etanol í blóði hafi mælst mjög hátt, yfir 90 á mælikvarða þar sem eitrunarmörk eru við 60.
- 111 Vitnið K læknir kvað brotaþola hafa verið lagða inn á sjúkrahúsið. Hún hafi verið með mar í andliti og bólgið nef sem hafi reynst brotið. Henni hafi liðið illa og verið í mikilli geðshræringu. Hún hafi verið í fráhvörfum en ekki fengið fráhrarfskrampa. Brotaþoli hafi sagst hafa orðið fyrir líkamsárás en dregið það til baka. Hún hafi þó einnig tekið fram að þetta gerðist aldrei nema við áfengisneyslu. Aðspurð hvort hún hafi nefnt

gerandann kvað vitnið brotþoli hafa sagt að maðurinn hennar beitti hana ekki ofbeldi nema hann væri að drekka.

Niðurstæða

- 112 Í þessum lið ákæru er ákærða gefið að sök brot í nánu sambandi með því að hafa, að kvöldi þriðjudagsins 6. febrúar 2024, beitt brotþola ofbeldi með þeim afleiðingum að hún hlaut nefbrot, mar aftan á hálsi og á hnakka, mar undir hægra auga og mar á hægri handlegg, og, með háttsemi sinni ógnað lífi, heilsu og velferð A á alvarlegan hátt. Er brotið heimfært til 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 113 Ákærði svaraði raunar ekki spurningum um þetta fyrir dómi en kvaðst minnst þess að vitnið P vinkona brotþola hafi einu sinni komið á heimili þeirra. Hann kvaðst einu sinni minnst komu lögreglu á heimilið, það hafi líklega verið þegar brotþoli lést. Við yfirheyrslu lögreglu þann 29. apríl svaraði hann því að hann myndi eitthvað eftir þessu en P væri með leiðinlegri kvenmönnum sem hann hefði kynnst á ævinni. Henni fylgdu vandamál og hann hefði engan áhuga á að fá hana inn á heimilið. Í yfirheyrslu þann 29. maí kvaðst ákærði nánast ekkert muna eftir þessu, hann myndi ekki neitt frá degi til dags, hvað þá aftur í tímann. Þá var hann spurður hvort hann hafi beitt brotþola ofbeldi í sambúð þeirra og svaraði: „ja, ekki svona þar sem hún var á sjúkrahúsi, það..., ég er ekki að kaupa það sko.“
- 114 Fyrir liggur að brotþoli var nefbrotin og marin umrætt kvöld, hrædd og verkjuð. Hún sagði frá því á sjúkrahúsinu að hún hefði orðið fyrir heimilisofbeldi og nefndi við hjúkrunarfræðing að sparkað hafi verið í kvið hennar og höfuð. Þá skýrði hún lækni einnig frá því að hafa orðið fyrir líkamsárás, dró það til baka en tók þó fram að eiginmaður hennar beitti hana ekki ofbeldi nema undir áhrifum áfengis.
- 115 Samkvæmt framburði lögreglumanns nr. V var ákærði blóðugur á höndum og blóð í bol hans þegar hún kom á vettvang.
- 116 Með vísan læknisvottorðs, lýsingar vitna af áverkum brotþola, þess að ákærði var blóðugur þegar lögregla kom á vettvang og endursagnar vitna af því að brotþoli hafi lýst ofbeldi af hendi ákærða, verður talið sannað að ákærði hafi umrætt kvöld veist að brotþola og valdið þeim áverkum sem lýst er í ákæru. Varðar brotið við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Sakhæfi ákærða

- 117 Ákærði vísaði margsinnis til þess fyrir dómi og við yfirheyrslur lögreglu að hann væri með Alzheimer og mjög slæmt minni. Þann 16. júlí var M geðlæknir dómkvödd til að meta sakhæfi hans. Hún skilaði niðurstöðum sínum 12. september 2024. Er sakhæfismat hennar rakið er í efnisgreinum 31-34 og framburður hennar fyrir dómi í málsgreinum 75-77. Samkvæmt því og áliti N öldrunarlæknis er ákærði með heilabilun.
- 118 Til að um sé að ræða sakhæfisskort sem leiðir til refsileysis samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga verður andlegur annmarki að vera á háu stigi. Þá þarf maður að hafa verið alls ófær um að hafa stjórn á gerðum sínum vegna hins andlega annmarka þegar hann vann verkið eða ófær um að bera skynbragð á afleiðingar verknadarins.

- 119 Í matsgerð og framburði M og vottorði og framburði N kemur fram að minni ákærða sé skert og hann sé með heilabilun. Hins vegar kemur þar ekki fram að ástand ákærða sé þannig að hann hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum vegna heilabilunarinnar. Þá liggur fyrir að ákærði var undir áhrifum áfengis og kom sér sjálfur í það ástand. Var það álit matsmanns að ekki væri líklegt að ákærði hefði framið þessa verknaði allsgáður. Framburðir sona ákærða og endursögn K læknis, af samtali sínu við brotáþola 6. febrúar, styðja það að ofbeldistilburðir ákærða hafi einskorðast við, eða í það minnsta verið mun verri, þegar hann neytti áfengis. Með vísan til framangreinds er það álit dómsins að ákærði hafi verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga þegar hann framdi brot sín.
- 120 Kemur þá til skoðunar hvort ólíklegt sé að refsing í formi fangelsisrefsingar geti borið árangur. Hafi maður sem fremur refsiverðan verknað verið andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðilegs misþroska eða annarrar truflunar, en þetta ástand hans er ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur, skal honum refsað fyrir brotið ef ætla má, eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefur verið leitað, að refsing geti borið árangur, sbr. 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Verði til stofnun, ætluð slíkum mönnum, sem í þessari grein getur, má ákveða í refsidómi, að sakborningur skuli taka út refsingu sína í stofnuninni, sbr. 2. mgr. sömu greinar.
- 121 Það var álit dómkvaddis matsmanns að refsing muni ekki bera árangur og ákærði sé ósakhæfur samkvæmt 16. gr. almennra hegningarlaga. Matsmaður bar að ákærði virtist ekki skilja stöðuna og mikilvægi málsins. Hann hafi ekki skilið að honum væri gefið að sök að hafa orðið valdur að andláti brotáþola og ekki sýnt merki um eftirsjá. Hann hafi ekki skilið samhengi milli sakfellingar og refsingar. Hún sagði ákærða vera ósjálfbjarga og mikilvægt að hann nái ekki í áfengi eða fíkniefni, hann geti mögulega verið hættulegur undir áhrifum. Hann uni hag sínum vel í fangelsi en það sé þó ekki úrræði við hans hæfi, þar verði engin betrun og fyrir hafi komið að hann hafi náð í fíkniefni. Þá kvað hún það álit sitt að ákærði eigi fremur heima á lokaðri deild á hjúkrunarheimili en á geðdeild.
- 122 Vitnið N öldrunarlæknir kvað ákærða vera með heilabilun. Ólíklegt sé að hann geti bjargað sér sjálfur og hann ætti erfitt með sjálfstæða búsetu. Hann skorti í það minnsta sinnu til grunnathafna daglegs lífs og sennilega einnig getu. Hún kvað erfitt að svara því hvort ákærði hefði skilning á inntaki refsinga og kvaðst ekki geta svarað því hvort hann ætti heima í fangelsi. Mögulegt sé að persónuleikaröskun og/eða þroskaskerðing takmarki skilning hans á refsingum. Hún bar þó að maður í sömu stöðu, sem stæði ekki frammi fyrir því að afplána refsingu, myndi búa áfram heima en vera undir eftirliti þar til ástæða væri til að hann færi í sérhæfða dagþjálfun og fengi vaxandi stuðning í heimahúsi. Hún kvað ákærða ekki eiga erindi á lokaða deild fyrir heilabilaða.
- 123 Fyrir dómi kvaðst ákærði vilja koma á framfæri sinni hlið á því sem gerðist þegar brotáþoli lést. Hann áttaði sig á því að hann væri fyrir dómi vegna andláts hennar og honum væri gefið að sök að hafa valdið því. Hann áttaði sig einnig að það væri ástæða þess að hann sitji nú í fangelsi. Þar kvaðst hann kunna ágætlega við sig.

- 124 Samkvæmt vottorði og framburði N öldrunarlæknis er ástand ákærða vegna heilabilunar ekki á því stigi að hann yrði undir venjulegum kringumstæðum vistaður á hjúkrunarheimili og ætti ekki erindi á lokaða deild fyrir heilabílaða. Ekkert er fram komið um að hann glími við geðsjúkdóm og kvað M hann ekki eiga heima á réttargeðdeild.
- 125 Ákærði hefur verið í fangelsi frá 22. apríl 2024. Ekki verður séð að hann hafi beðið skaða af því eða ástand hans versnað. Verður það meðal annars ráðið af læknisskoðunum, þ.m.t. frá 22. október 2024 og minnisprófum sem hafa verið lögð fyrir hann í þrígang eftir að hann var vistaður í gæsluvarðhaldi. Ekkert er fram komið sem mælir gegn því að fangelsismálastofnun geti tryggt ákærða viðunandi meðferð. Er það álit dómsins að ástand ákærða sé ekki á því stigi að hann geti ekki áttað sig nægilega á afleiðingum gerða sinna og ætla megi að refsing geti borið árangur.

Ákvörðun refsingar

- 126 Ákærði er fundinn sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og að hafa valdið þeim áverkum sem þar greinir, að undanskildum þeim sem lýst er í tölulið 5 í ákærulið I. Varðar háttsemin í ákærulið I við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga en í ákærulið II við 1. mgr. 218. gr. b. sömu laga
- 127 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður verið dæmdur til refsingar. Eins og að framan er rakið bera gögn málsins og framburðir vitna greinilega með sér að ákærði hefur um langt árabil beitt brotþola, sem var eiginkona hans og barnsmóðir, miklu og grófu ofbeldi, sýnt henni vanvirðingu og niðurlægt hana, einnig í viðurvist sona þeirra. Ráðið verður að brotþoli hafi óttast ákærða og ekki haft burði til að koma sér úr þessum aðstæðum þótt hún hafi sýnt viðleitni í þá átt fyrstu árin. Ofbeldið hefur verið viðvarandi og endaði með þeim hörmulegu afleiðingum að brotþoli lést. Ákærði hefur ekki sýnt nein merki iðrunar eða eftirsjár. Brotin sem hann er sakfelldur fyrir framdi hann inni á heimili þeirra, stað þar sem fólk á undir eðlilegum kringumstæðum að eiga sér skjól. Brot ákærða voru svívirðileg og verður við ákvörðun refsingar litið til 1., 2., 3. og 7. töluliða 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga en þar sem ákærði er sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. laganna eru ekki efni til að líta einnig til 3. mgr. 70. gr. laganna. Ákærði á sér engar málsbætur. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tólf ár.

Bótakröfur

- 128 Synir brotþola og ákærða krefjast hvor um sig 6.000.000 króna miskabóta úr hendi ákærða. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 má gera þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.
- 129 Að framan er komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi valdið dauða brotþola með ásetningsárás en stórfelldu gáleysi hafi staðið til afleiðinganna. Ber ákærði því bótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.
- 130 Fyrir [...] og [...] drengi er það augljóslega til þess fallið að valda miska að missa móður á þennan hátt. Þá hlýtur það að auka enn frekar á miska bótakrefjenda að faðir þeirra

skyldi vera þar að verki. Drengirnir hafa ekki leitað sérfræðiaðstoðar og liggja því ekki fyrir vottorð um andlega heilsu þeirra og líðan. Hins vegar liggja fyrir framburðir þeirra hjá lögreglu og fyrir dómi. Verður ráðið að þeir hafa orðið fyrir miklum miska vegna þeirra atvika sem hér er fjallað um og háttsemi ákærða í gegnum tíðina þótt þeir reyni að bera sig vel. Má ætla að þeir muni hafa þörf fyrir að leita sér aðstoðar síðar þótt þeir upplifi það nú sem létti að þessu ógnarástandi sé lokið og reyni að harka af sér. Verða miskabætur ákveðnar 4.000.000 krónur til hvors þeirra. Krafa brotapolans B um bætur vegna útfararkostnaðar er studd reikningum og verður tekin til greina. Um vexti fer svo sem greinir í dómsorði en bótakröfur voru birtar ákærða samhliða ákæru þann 18. júlí sl.

- 131 Gjafsóknarkostnaður bótakrefjenda skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanna þeirra, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur og Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur, eins og greinir í dómsorði. Við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts af þóknun lögmanna.

Sakarkostnaður

- 132 Með vísan til úrslita málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, og málsvarnarlaun verjanda síns á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns sem ákveðast að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði. Dóminn kveða upp Arnbjörg Sigurðardóttir sem dómsformaður ásamt Halldóri Halldórssyni héraðsdómara og Kristni Tómassyni geð- og embættislækni. Fyrir uppsögu var gætt ákvæðis 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í tólf ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt óslitið frá 22. apríl 2024.

Ákærði greiði B 5.495.179 krónur með vöxtum af 4.000.000 krónum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2024 til 18. ágúst 2024 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði D 4.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. apríl 2024 til 18. ágúst 2024 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 6.377.793 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun tilnefnds verjanda síns, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, 1.695.923 krónur, 130.676 króna ferðakostnað hans, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 3.949.400 krónur, 59.135 króna ferðakostnað hans og 70.700 krónur í dagpeninga.

Gjafsóknarkostnaður B greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.529.750 krónur.

Gjafsóknarkostnaður D greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 812.000 krónur.

Ákærði greiði 2.341.750 í málskostnað sem renni í ríkissjóð.